

## Dalvíkurbyggð

Mótt.: 29.01.2019

Málsnr.: 201901086

Lykill: 21-06



Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsi  
620 Dalvík

## ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 25. janúar 2019  
Tilv.: ANR19010051/07.03

Efni: Áfangastaðaáætlanir.

Ráðuneyti ferðamála vill vekja athygli yðar á eftirfarandi.

Í Vegvísi í ferðaþjónustu sem kom út á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Samtaka ferðaþjónustunnar árið 2015 var eitt af forgangsmálum í verkefnaáætlun að gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðaþjónustu í hverjum landshluta (DMP) sem síðar fengu nafnið áfangastaðaáætlanir. Ráðuneytið fól Ferðamálastofu í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna að vinna áætlanagerðina og fór fram umfangsmikil vinna á vegum markaðsstofa landshlutanna með þátttöku landshlutasamtaka sem og einstakra sveitarfélaga auk þess sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga sat í stýrihópi verkefnisins. Grunnhugsun að baki áfangastaðaáætlana fyrir landshluta er samstarf og samþætting vegna annarra áætlana á einstaka svæðum. Má þar meðal annars nefna deili- og aðalskipulagsgerð sveitarfélaga auk ýmissa landsáætlana s.s. samgönguáætlunar, byggðaáætlunar og landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Nú hafa þessar áfangastaðaáætlanir verið gefnar út, hver í sínum landshluta og má m.a. finna þær á heimasíðu ráðuneytisins sem og á heimasíðu Ferðamálastofu. Mikilvægt er að áætlunum verði fylgt eftir með aðgerðum og þar eru sveitarfélögin lykilaðilar.

Með bréfi þessu fer ráðuneytið þess á leit að áfangastaðaáætlun Norðurlands fái viðeigandi umfjöllun í bæjarráði/sveitarstjórn og vísað til viðeigandi stofnunar/sviðs í sveitarfélagi yðar.

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

  
Sigrún Brynja Einarsdóttir

  
Steinunn Valdís Óskarsdóttir